



Vesturlandsskógar

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2009
Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2009
Ársreikningur 2009

Gert í febrúar 2012

S.Á.

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2009.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Veðurfar	3
Vöxtur og þrif trjágróðurs	3
Fjárveitingar	4
Stjórn Vesturlandsskóga	4
Samningar við bændur	4
Helstu framkvæmdir	5
Gróðursetning til fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt	5
Áburðargjöf	6
Jarðvinnsla	6
Kortlagning og áætlanagerð	6
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni	7
Heimasíða Vesturlandsskóga	7
Tölur:	8-9

Viðauki I :

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2009

Viðauki II:

Ársreikningur Vesturlandsskóga 2009

Inngangur.

Árið 2009 var tíunda starfsár Vesturlandsskóga. Starfsmenn, auk Sigvalda, voru: Guðmundur Sigurðsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Sigríður Júlía yfirgaf okkur í júlímánuði til að stunda MSc nám í skógræðum í Ási í Noregi. Eru henni hér með þökkun á gætt störf fyrir Vesturlandsskóga og ánægjulegt samstarf. Verkaskipting milli fastra starfsmanna breytist því nokkuð. Leggjast úttektir til að byrja með að mestu leyti á Guðmund, sem mun líka sjá um heimasíðuna. Sigvaldi mun einnig heimsækja bændur, en meira í leiðbeininga og hvatningarskyni en til úttekta.

Veðurfar.

Árið 2009 var janúarmánuður hlýr og úrkomusamur (miðað við 1961-1990). Var hitinn í Reykjavík og í Stykkishólmi meira en tveimur gráðum ofan við meðaltalið. Febrúar var kaflaskiptur. Fyrstu 12 dagar mánaðarins voru óvenjukaldir. Hefur sitkalús þá væntanlega týnt tölunni í stórum stíl, einkum inn til landsins. Kaldast varð í Reykjavík $-9,7^{\circ}\text{C}$ en í Stafholtsey -15°C . Þann 13. hlýnaði og var það sem eftir lifði mánaðarins bæði hlýtt og fremur rigningasamt. Varð meðalhiti mánaðarins nærri meðallagi, en úrkoman í Reykjavík 70% af meðalúrkomu. Í mars var fremur úrkomulítið og hitinn í meðallagi. Kaldast í Stafholtsey var -16°C í mars. Apríl var úrkomusamur og hlýr eða um tveimur gráðum hlýrri en í meðalári. Má því segja að vorað hafi snemma, enda ekkert máfhret þetta árið. Maí var hlýr og úrkomusamur. Meðalhitinn í maí var í Reykjavík $1,4^{\circ}\text{C}$ yfir meðallagi. Júní var hlýr, líðlega einni gráðu hærri hiti en meðaltal 1961-1990 í Reykjavík. Júní var þurr, þó ekki jafnþurr og í fyrra. Júlí var $2,2^{\circ}\text{C}$ hlýrri í Reykjavík en að meðaltali og 3.-4. hlýjasti júlí frá upphafi mælinga. Úrkoma var víða lítil sem engin í mánuðinum og hamlaði þurrkurinn örugglega trjávéxti, þar sem ekki nýtur þeim mun betur jarðraka. Ágúst var hlýr, líðlega einni gráðu hlýrri en meðallagið er í Reykjavík. Úrkoma var undir meðallagi. September var fremur hlýr, eða einni gráðu yfir meðallagi í Reykjavík. Úrkoma var í ríflegu meðallagi í september. Október var heldur hlýrri en meðaltal mánaðarins 1961-1990. Frostið komst þann 5. október í 9 gráður í 2 m hæð í Stafholtsey. Þá gæti hafa orðið eitthvert kal á síðbúnum toppbrumum einhverra tegunda/kvæma, enda telst þetta vera óvenjulágt hitastig svo snemma í október. Haustið kom því snemma. Nóvemberhitinn var hins vegar vel yfir meðaltali, t.d. tveimur gráðum yfir meðaltali í Reykjavík. Hitinn í desember var einni gráðu yfir meðallagi í Reykjavík. Árið í heild var hlýtt eða það tíunda hlýjasta frá upphafi mælinga. Meðalhiti ársins var $1,2^{\circ}\text{C}$ hærri en meðaltal árána 1961-1990 og $0,6^{\circ}\text{C}$ hærri en meðaltal árána 1931-1960.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður kom nokkuð vel undan vetri og tók feiknagóðum framförum um sumarið, einkum á stöðum þar sem jarðraki var nægur. Rússalerki var óvenjufallegt og óx vel. Voru dæmi um 80 cm langa ársprotu á rússalerki. Óvenjumikill vöxtur var líka í öllum öðrum trjátegundum, þótt nokkuð bæri á fiðrildalirfum á sumum víðiklónum og á birki. Algengt var að sjá eins metra langa ársprotu á alaskaösp. Hreggsstaðavíðir var eins og undanfarin ár undirlagður af ryðsveppi.



Ung stafafura á Möðruvöllum í Kjós.

Fjárveitingar.

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu námu kr. 58,9 milljónum miðað við 68,7 milljónir króna á árinu 2008. Þetta þýðir lækkun í krónutölu um 9, 8 milljónir. Þegar tillit er tekið til þróunar vísitölu neysliverðs frá miðju ári 2008 fram á mitt ár 2009, en hún hækkaði um 11,6% hefði framlag ríkissjóðs átt að nema kr. 76,7 milljónum árið 2009. Raunlækkun framlaga milli ára var því 23,2%. Þetta bætist við raunlækkun framlaga milli árana 2007-2008 uppá 21,3%. Á tveimur árum hefur raunlækkun framlaga úr ríkissjóði því verið 39,6% milli árana 2007 og 2009. Rekstrarútgjöld urðu kr. 47,4 milljónir króna og urðu því 11,5 milljónum króna innan fjárheimilda ársins. Þetta var meðvitaður samdráttur, þar sem talið var, að við hefðum verið í talsverðri skuld við ríkissjóð í árslok 2008. Sú ályktun var dregin af þeirri staðreynd, að þá skorti Vesturlandsskóga liðlega 10 milljónir króna til þess að geta gert upp við viðskiptamenn, þ.e. bændur og plöntuframleiðendur vegna skuldbindinga ársins 2008. Í ljós kom hins vegar við endurskoðun reikninga ársins 2009, að ónotuð fjárheimild í árslok 2009 nam kr. 18,5 milljónum og hafði hækkað um áðurgreindar 11,5 milljónir króna. Því skýtur skökku við, að ekki skyldu hafa fengist fyrir árslok 2008 útgreiddar úr ríkissjóði a.m.k. það sem á vantaði uppí 10 milljóna króna skuld við viðskiptamenn. Líklega verður að skrifa þessa vöntun á útgreiðslum ríkissjóðs til samræmis við fjárheimildir á kostnað Hrunsins.

Stjórn Vesturlandsskóga.

Stjórn Vesturlandsskóga hélt fjóra fundi á árinu 2009. Stjórnin var eins skipuð og árið áður: Formaður er Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins og Þórarinn Svavarsson, tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV).

Samningar við bændur.

Árið 2009 var aðeins gerður einn nýr samningur. Sá samningur var vegna 116 ha lands í landi Skíðsholta í Borgarbyggð. Eiga þá að vera í gildi samningar um nytjaskógrækt á 109 jörðum á Vesturlandi. Alls er umsamið svæði 9355 ha. Þegar hefur verið gróðursett í nær þriðjung þess lands. Lítið hefur bæst við af skjólbeltasamningum á árinu. Þó eru 7 nýir að bætast við í skjólbeltaræktina, svo gera þarf samning við þá. Við endurskoðun kom í ljós, að í gildi eru skjólbeltasamningar vegna 133 jarða, en ekki 135, eins og talið var fyrir ári.

Helstu framkvæmdir:

Gróðursetning til fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt.

Á árinu 2009 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga liðlega 354 þúsund plöntur á 53 jörðum. Þetta er 10 % aukning á fjölda gróðursettra plantna frá árinu áður. Ekki varð hjá því komist að bregðast við niðurskurði í fjárveitingum með einhverjum hætti, en Vesturlandsskógar voru skuldbundnir til að kaupa meira af plöntum en efni voru til að gróðursetja. Því var ákveðið, að bændur gætu aðeins fengið 7.500-8.000 plöntur hver um sig, en þó meira, ef þeir voru tilbúnir að greiða annan kostnað sjálfir, þ.e. kostnað við gróðursetningu o.fl., við þær plöntur sem umfram væru.


Því miður var evrópulerkið, sem okkur barst, allt af fræi, sem tekið var í aðeins 1.300 m hæð í Alpafjöllunum, sem er 5-700 metrum lægra yfir sjó, en beðið var um. Þar að auki voru plönturnar væntanlega ræktaðar inni í húsi mest allt sumarið og afhentar nánast óhertar um haustið. Því fór svo, að flestar þeirra drápu.

Aðeins voru lagðir 12,8 km af skjólbeltaplasi þetta árið, sem er einum km minna en árið áður. Hins vegar voru settar 19.400 þúsund plöntur og stiklingar í skjólbelti þetta árið, sem bendir til þess, að talsvert hafi verið um íbætur í eldri belti. T.d. fengust samtals 1.165 stk. af runnum, sem allir fóru til íbóta í eldri belti og 188 reyniviðarplöntur til sömu nota. Ljóst er því, að talsvert meira en þetta fór í að bæta inni eldri skjólbelti. Það er ánægjulegt, að liðlega 8.500 aspir voru settar í skjólbelti þetta árið. Tilhneiging hefur verið til að mynda skjólbelti eingöngu úr einni röð af víði. Slíkt er alsendis ófullnægjandi enda á víðirinn aðeins að vera hjálpartegund til að tryggja vöxt og viðgang þeirra trjáa annarra tegunda, sem eiga að verða burðarás skjólbeltisins til framtíðar.

Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga, greindust þannig milli tegunda:

Stafafura:	103.565 eða 29,2%
Sitkagreni:	132.875 eða 37,5%
Ilmbjörk:	60.280 eða 17,0%
Alaskaösp:	37.120 eða 10,5 %
Sitkabastarður:	7.775 eða 2,2%
Evrópulerki:	9.280 eða 2,6 %
Reyniviður:	1.772 eða 0,5 %
Lindifura:	1.640 eða 0,5%
Garðahlynur:	175 eða 0,05%

Í töflu I, í lok skýrslunnar, má sjá, hvernig plönturnar skiptust niður á jarðir eftir tegundum.



Í Töflu II má sjá, hvernig skjólbeltaræktin skiptist milli jarða og tegunda trjáa og runna.

Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notað “blákorn”. Voru menn hvattir til að dreifa 10 g kringum hverja greniplöntu, en 5 g kringum aðrar plöntur. Þó var mönnum ráðlagt að bera ekki á, þar sem handflekkjað var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum.

Jarðvinnsla

Engin jarðvinnsla var unnin með vélum á árinu.

Kortlagning og áætlanagerð.

Aðeins var unnin ein áætlun á árinu. Var það vegna Skíðsholta á Mýrum.

Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni.

Dagana 16. og 17. apríl var fagráðstefna skógargeirans haldin í Laugardalnum í Reykjavík. Að þessu sinni var hún í umsjón LBHÍ, Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Skógræktarfélags Íslands. Skoða má fyrirlestra, sem haldnir voru á ráðstefnunni á vefnum skogur.is undir Rannsóknir: <http://www.skogur.is/rannsoknir-og-verkefni/radstefnur/radstefnur-arid-2009/fagradstefna-skograektar/>

Dagana 16. til 19. september var haldin önnur gagnmerk skógræktarstefna um lýðheilsu og áhrif skóga á hana. Því miður lét „hvíti geirinn“ sig nær alveg vanta. Þess vegna náðist ekki að koma inn í þann geira nægjanlega vel, hvernig nýta má skóga til eflingar lýðheilsu. Ráðstefnan var haldin að undirlagi Norrænu Ráðherranefndarinnar, sjá: <http://www.skogur.is/rannsoknir-og-verkefni/radstefnur/radstefnur-arid-2009/skogar-efla-lydheilsu-i-thettbyli/>

Starfsmenn Vesturlandsskóga sinntu ekki rannsóknum þetta árið með beinum hætti.

Heimasíða Vesturlandsskóga.

Reynt var að uppfæra heimasíðu Vesturlandsskóga nokkuð reglulega. Guðmundur Sigurðsson er þar við stjórnvölinn. Eru menn hvattir til að kynna sér efni hennar. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is>



Aspir á Vilmundarstöðum í Reykholtssdal, sem voru örsníðar fræplöntur í 35 gata bökkum fyrir 15 árum hækka nú um 1 m á ári. Afkvæmi stýrðra víxlana valinna klóna á Mógilsá.

Viðauki I.

Fundargerðir stjórnar Vesturlandsskóga.

35. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

haldinn að Hvanneyrargötu 3, fimmtudaginn 26 febrúar 2009.

Mættir stjórnarmennirnir Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð. Fundur hófst kl. 13.45

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt
2. Samræming taxta milli verkefnanna. Landssamband skógareigenda hefur farið þess á leit við verkefnin að þau samræmi gjaldskrá milli verkefna. Sigvaldi gerði grein fyrir fundi framkvæmdarstjórnanna þar sem farið var yfir taxta verkefnanna. Nokkur munur er á töxtum verkefna, en þegar allt er vegið saman er munurinn óverulegur. Stjórnin telur jákvætt að taxtar verði samræmdir.
3. Rætt var um að koma á nýrri Grænni skóga námskeiðaröð. Landbúnaðarháskólinn hefur þegar ákveðið að auglýsa Grænni skóga á Vesturlandi í vor.
4. Sigvaldi gerði grein rekstraráætlun v/ 2009. Ráðstöfunarfé er 48,7 miljónir króna fyrir árið 2009. Vesturlandsskógar hafa skuldbundið sig til að kaupa um 435 þús. plöntur af framleiðendum. Ekki verður hægt að greiða framlag út á allar þær plöntur og var ákveðið að bjóða bændum að fá til gróðursetningar umfram plöntur, sem ekki er hægt að greiða styrk útá og þá með því skilyrði, að þeir afsali sér styrk út á þær plöntur vegna svokallaðra vinnuliða. Einnig er framleiðendum heimilt að selja plöntur beint. Jafnframt er von til þess, að skógræktarfélagin gróðursetji með tilstyrk atvinnuleysistryggingasjóða eitthvað af plöntum, sem verkefnin eiga aflögu.
5. Rætt var um horfur á fjárveitingum fyrir árið 2010. Enn er allt í óvissu með fjárveitingar til verkefnanna, en búast má við niðurskurði eða í besta falli óbreyttri fjárveitingu frá því sem er á þessu ári.
6. Rætt var um að kaupa notaðan bíl þegar rekstarleiga bílsins ,sem nú er í notkun, rennur út í ágúst. Bílabúð Benna hefur boðist til að lána Vesturlandsskógum bíl. Ákveðið var að skoða það betur.
7. Sigvaldi kynnti fagraðstefna skógræktarmanna, sem verður 16. og 17. apríl. í Reykjavík.
8. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 15.05

Guðmundur Sigurðsson
Fundarritari

36. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

haldinn að Hvanneyri 19. júní 2009 að Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri.

Mættir: Stjórnarmennirnir, Skúli Alexandersson formaður, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð.

Fundur hófst kl.13.45

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt, án athugasemda.
2. Sigvaldi gerði grein fyrir vinnu við að koma upp girðingu á Skógarströnd sem mun m.a. verja skógræktarsvæði jarðanna Háls, Setbergs, Breiðabólstaðar og Vörðufells. Sigvalda var falið að vinna að málinu áfram með hlutaðeigandi jarðareigendum og í samráði við lögmann Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytisins.
3. Ársreikningur Vesturlandsskóga fyrir árið 2008 kynntur. Reikningurinn er ekki endurskoðaður. Frekari skýring vantar við reikninginn. Reikningurinn verður tekinn fyrir á næsta fundi.
4. Viðbótarfjárveitingin uppá 4 milj. Verður greidd fljótlega.
5. Athugasemdir framkvæmdastjóra, sem hann hefur skrifað fyrir hönd Vesturlandsskóga, við aðalskipulagstillögu Borgararbyggðar var samþykkt.
6. Rætt var um skil á plöntum frá framleiðendum. Veruleg vanhöld hafa verið á afhendingu plantna frá Garðyrkjustöðinni Lágafelli. Ákveðið var að Sigvaldi tæki út í haust hvernig staðan væri á Lágafelli með ræktum fyrir árið 2010. Verði vandkvæði á að stöðin geti uppfyllt samning fyrir árið 2010 verða samningar við stöðina endurskoðaðir.
7. Sigríður Júlía hættir hjá Vesturlandsskógum um næstu mánaðamót og fer til framhaldsnáms í Noregi. Vesturlandsskógar þakka Sigríði Júlíu fyrir góð störf og vonast til að njóta starfskrafta hennar að námi loknu.
8. Önnur mál. Næsta vetur er komið að Vesturlandsskógum að halda fagráðstefnu í skógrækt. Sigvalda var falið að vinna að undirbúningi í samstarfi við samstarfsaðila. Þórarinn spurði hvort áhugi væri hjá stjórn Vesturlandsskóga á að taka þátt í ferð með félagi skógarbænda um Hvalfjarðarsvæðið. Samþykkt var að Þórarinn, ásamt Guðmundi, skipulegði eins dags ferð til skógarbænda á því svæði fyrir stjórnarmenn ásmat skógarbændum.

Fundi slitið kl. 15.50

Guðmundur Sigurðsson
fundarritari

37. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

haldinn að Hvanneyri 26. okt. 2009 að Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri.

Mættir: Stjórnarmennirnir Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson og Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdarstjóri. Fundarmenn voru í símasambandi við Skúla Alexandersson, stjórnarformann. Fundurinn fór fram á skrifstofu Sigvalda og hófst kl. 13:30

Efni fundarins var að undirbúa fund með nefnd, sem er að endurskoða hlutverk og framtíð landshlutaverkefnanna í skógrækt. Sá fundur verður þriðjudaginn 27. október á Hvanneyri.

Fundarmenn fóru yfir spurningarlista og umræðupunkta, sem þeim hafði borist frá nefndinni og svöruðu honum. Svör stjórnarinnar við erindi nefndarinnar verða lögð fram skriflega og kynnt á fundi nefndarinnar þriðjudaginn 27. október.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30.

Fundarritari Sigvaldi Ásgeirsson.

38. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

haldinn að Hvanneyri 27. okt. 2009 að Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri.

Fundur haldinn með nefnd, sem er að endurskoða starfsemi landshlutaverkefna í skógrækt. Á fundinn mætti einnig stjórn Félags skógarbænda á Vesturlandi.

Fundurinn hófst kl. 11.00.

Fundarmenn: Frá nefndinni: Jón Birgir Jónsson, formaður nefndarinnar, Jón Geir Pétursson, Sveinn Runólfsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Jón Loftsson og Svana Halldórsdóttir frá BÍ.

Einnig var starfsmaður nefndarinnar, Níels Árni Lund á fundinum og gerði þar sérstaka fundargerð fyrir nefndina. Frá Félagi skógarbænda á Vesturlandi voru: Bergþóra Jónsdóttir, Hraundís Guðmundsdóttir og Þórarinn Svavarsson, sem einnig mætti sem stjórnarmaður Vesturlandsskóga. Frá Vesturlandsskógum: Skúli Alexandersson, Birgir Hauksson, Sigvaldi Ásgeirsson og Guðmundur Sigurðsson.

Jón Birgir Jónsson setti fundinn og kynnti verksvið nefndarinnar. Stjórnir Félag skógarbænda og Vesturlandsskóga kynntu svör við spurningum sem nefndin hafði lagt fyrir stjórnirnar.

Fundarhlé var gert kl. 12.15 til 13.00. Vesturlandsskógar bauðu fundarmönnum til hádegisverðar í mötuneyti LBHÍ á Hvanneyri.

Svör stjórnar Vesturlandsskóga við erindi nefndarinnar:

Verkefni sem tilgreind eru í skipunarbréfi og umsögn Vesturlandsskóga um þau:

1.1. Skipulag og rekstur landshlutaverkefnanna.

- *Ein stjórn yfir öllum verkefnum?*

Stjórn heima í héraði tryggir betri samskipti við bændur og sveitarfélög og aðra, sem vinna þarf með í héraði.

- *Er eitthvað í lögum verkefnanna (95/2006), sem betur mætti fara eða ástæða til að breyta?*

Full ástæða gæti verið til að LHV tækju að sér verkefni eins og BGL og jafnvel fleiri verkefni, sem snerta landnýtingu og búskap.

- *Hvert er hlutverk stjórna LHV?*

Hlutverk stjórna LHV ætti að okkar dómi að vera að veita framkvæmdastjóra aðhald og stuðning og bæta það stuðningsnet, sem verkefni af þessu tagi er háð í starfsemi sinni.

- *Eiga að vera stjórnir?* Þessari spurningu verða aðrir að svara en stjórn verkefnisins.
- *Er eitthvað sem ástæða er til að endurskoða í samningum við skógarbændur?* Samningar við skógarbændur hafa nýlega verið endurskoðaðir.
- *Samræming verkefna innan landshlutaverkefnanna.* Nokkur skref hafa verið stigin í þessa átt, t.d. samræming taxta að verulegu leyti.
- *Samræmd framkvæmdaskráning, hvar stendur hún?* Framkvæmdaskráning hefur að einhverju leyti átt sér stað innan Grænsíðu og er þar samræmd. Til greina kemur að einfalda ferlið í samvinnu við Mógilsá.
- *Hvernig eru sambærileg verkefni framkvæmd í öðrum löndum? Sérstaklega mtt. Írland, Skotland og Nýja Sjáland*
- *Hvernig á stjórnsýslu LHV að vera háttáð?* Það mættu vera virkari tengsl við sjávarútvegs – og landbúnaðarráðuneytið.
- *Framkvæmdir verkefnanna – útboð eða taxtar?* Hvorttveggja er í gangi. Plöntuframléiðslan er að langmestu leyti boðin út.
- *Vantar árangurshvata?* Árangurshvata mætti hafa í einhverju formi
- *Setja raunhæf markmið til framtíðar.* Gott mál. En þá verður líka að vera einhver framtíðarsýn varðandi fjárráð.
- *Fela verkefnum önnur verkefni s.s. framkvæmdahlutverk Landgræðslunnar hvert á sínu svæði.* Hið besta mál.

1.2. Þáttur landshlutaverkefnanna í uppbyggingu atvinnulífs og byggðapróun.

- *Möguleikar til stækkunar verkefnanna. Er áhugi bænda fyrir hendi? Hversu mikið er raunhæft að stækka verkefnið á næstu árum?* Nokkur fjöldi bænda er á biðlista og hinir, sem eru virkir hafa í raun aldrei allir fengið að spreyta sig af fullum kröftum. *Hvað telja menn stærsta hvatann til þess að fólk taki þátt í verkefnum?* (t.d. atvinna, hagnaðarvon, skógræktaráhugi). Þessir þætti hafa ekki verið kannaðir skipulega meðal þátttakenda.
- *Sjá menn samlegðaráhrif með öðrum skyldum verkefnum? Er rétt að sameina landshlutaverkefnin innbyrðis eða öðrum verkefnum/stofnunum?* Teljum sameiningu verkefnanna ekki myndi skila umtalsverðum samlegðaráhrifum, enda vegalengdir miklar. Mikil samlegðaráhrif gætu náðst með því að LHV tækju að sér umsýslu BGL.
- *Skógræktarverkefni og/eða byggðaverkefni – eru þessi markmið nægilega skýr?* Fyrst og fremst sé um að ræða skógræktarverkefni, en sjálfkrafa byggðaverkefni.
- *Uppbygging auðlindar.* Mikilvægt hlutverk verkefnanna er að stuðla að uppbyggingu nýrrar auðlindar.

1.3. Hlutverk landshlutaverkefnanna í viðbrögðum Íslands við loftslagsvandann og hagvörnum.

Binding kolefnis með skógrækt er tiltölulega hagkvæmur kostur og alþjóðlega viðurkennd mótvægisáðgerð gagnvart lofslagshlýnun.

1.4. Þarfir landshlutaverkefnanna á sviði rannsókna og nýsköpunar og til að auka framleiðni í ræktun skóga.

- *Þarfir og þátttaka landshlutaverkefnanna í rannsóknarstarfi að vera?* Samstarf fyrst og fremst við Mógilsá, en einnig LBHÍ. Auka þarf fjárveitingar til rannsókna á vegum Mógilsár.
- *Hvaða erfðæfni á að nota, og hvernig er það ákveðið?* Mikilvægt er að geta notað fræ af trjám, sem vaxin eru upp á Íslandi. Kynbætur innlands erfðæfnis eru mikilvægar. En auk þess þarf að vera vakandi fyrir því að fá hentugt erfðæfni erlendis frá.

1.5. Möguleikar á afsetningu afurða úr skógum.

- *Hver verður framtíðarnýting skógarauðlindarinnar.* Ljóst er, að þessi auðlind verður æ eftirsóttari til hinna fjölbreyttustu þarfa.

1.6. Náttúruverndarsjónarmið. Líta skal á náttúruna sem auðlind, sem umgangast beri með sjálfbærum hætti

1.7. Viðhorf til landnotkunar í íslenskum landbúnaði.

- *Þjappa timburframleiðslu saman á fá svæði, hvetja frekar til skjólbeltaræktar á öðrum svæðum, hvetja til endurheimt birkiskóga á enn öðrum svæðum o.s.frv.).* Taka ber tillit til allra landnýtingarþátta og að skógrækt miðist við náttúrufar á hverjum stað.
Hvernig á að meðhöndla skógrækt í skipulagi – eru árekstrar um landnýtingu við hefðbundinn landbúnað? Ekki ætti að þurfa að greina á milli skógræktar og annarra landbúnaðarnota í skipulagsáætlunum enda engir árekstrar milli skógræktar og annars landbúnaðar..
- *Framkvæmdaleyfi, mat á umhverfisáhrifum og mat á umhverfisáhrifum áætlana.* Skv. gildum úrskurði frá “Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála” þarf ekki framkvæmdaleyfi til skógræktar og landgræðslu, nema lög um mat á umhverfisáhrifum geri skógrækt tilkynningarskylda. Skógrækt tekur ekki land varanlega úr annarri notkun. Æskilegt væri, að hægt væri að meta umhverfisáhrif skógræktar á áætlanastigi.
- *Ytra skipulag: Hvernig er hægt að skipuleggja LHV í samræmi við aðrar gerðir landnotkunar ss. landbúnað, náttúruvernd, landslag og byggð?* Skógrækt er hluti landbúnaðar. Taka þarf tillit til eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og laga, sem þrengja eignarréttinn. Skógrækt þarf að falla vel að landslagi.

1.8. Fræðsla og menntun í skógrækt.

- *Er menntun/menntunarmöguleikar skógarbænda fullnægjandi?* Menntunarmöguleikar í skógrækt eru í góðu horfi í dag.

Önnur umræðuefni sem komið hafa fram eða óskað hefur verið að tekin verði til umræðu:

2.1. Á fyrirkomulag framlaga til bænda að haldast óbreytt ?-hvað er greitt fyrir?

- *Greiðsla fyrir hektara frekar en plöntur? Halda hluta greiðslu eftir þar til árangur er ljós?*
- *Mishá framlög fyrir mismunandi skógrækt á mismunandi landsvæðum til að stýra skógrækt betur*

2.1.1. Er innra/ytra eftirlit og árangursmat verkefnanna fullnægjandi? Á þessu sviði mætti eflaust gera betur, en slíkt kostar peninga.

- 2.2. **Eftirlitshlutverk Skógræktar ríkisins. Á það að vera? Ef svo, hvernig? Á einhver annar aðili að hafa eftirlit (t.d. vottunaraðili)?** Sr. væri eðlilegur eftirlits- og vottunaraðili.
- 2.3. **Innra skipulag: Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir. Hvaða kröfur á að gera til þeirra sem þær vinna og hvað eiga þær að innihalda?** Skógræktaráætlun þarf að vera leiðbeinandi fyrir skógarbóndann og gerð af fagmönnum.
- 2.4. **Umgengnisréttur innan skóga landshlutaverkefnanna.** Í samræmi við náttúrverndarlög.
- 2.5. **Erfðaefni.** Sama og 1.4
- 2.6. **Hvernig er staðið að fræðflun og hvernig ber að standa að fræðflun, ábyrgð skipulag kostnaður ?** Best væri, að Sr. hefði yfirumsjón með fræðflun og –umsýslu. Eðlilegt er að kostnaður við fræðflun og -umsýslu leggist ofan á verð plantna.
- 2.7. **Skuldbindingar styrkþega gagnvart samfélaginu svo sem meðhöndlun skógar og hirða, varanleiki skógarins. Endurgreiðsla ef skógi er eytt?** Um þetta þurfa að vera ákvæði í almennum skógræktarlögum.

Umræður um svörin urðu líflegar og málefnalegar. Um kl. 14.30 yfirlitstjórnir Vesturlandsskóga og Félags skógarbænda á Vesturlandi fundinn með nefndinni en nefndin starfaði áfram.

Að loknum fundi með nefndinni fundaði stjórn Vesturlandsskóga með starfsmönnum. Þar tilkynnti Skúli Alexandersson, að hann hefði tilkynnt landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, að hann hefði ákveðið að hætta sem formaður stjórnar Vesturlandsskóga. Skúli þakkaði stjórnarmönnum og starfsmönnum gott samstarf þann tíma sem hann hefur verið stjórnarformaður. Fundarmenn þökkðu Skúla fyrir ánægjulegt samstarf og góð kynni þau ár, sem hann hefur gengt formennsku, en hann hefur verið formaður frá stofnun Vesturlandsskóga. Framkvæmdastjóri f.h. Vesturlandsskóga bauð stjórn og starfsmönnum til kaffiveitinga í Geirabakaríi að loknum fundi.

Gert á Hvanneyri 28. október 2009.

Guðmundur Sigurðsson

Viðauki II

Ársreikningur Vesturlandsskóga vegna ársins 2009.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2009

Í þúsundum króna:	Reikningur 2009	Reikningur 2008
Tekjur		
Sértekjur	4.488	300
Gjöld umfram tekjur samtals	47.391	49.823
Tekjuafg. fyrir ríkisframlag:	- 47.391	49.823
Framlag ríkissjóðs	58.900	68.700
Tekjuafgangur/-hali	11.509	18.877

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Reikningur 2009	Reikningur 2008
<hr/>		
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	9	9.553
Viðskiptakröfur – fyrirframgr.kostn	17.200	12.940
Handbært fé	18.682	77
Veltufjármunir samtals	35.891	22.570
Eignir samtals	35.891	22.570
<hr/>		

Skuldir og eigið fé:

Höfuðstóll.....	18.538	7.029
Staða í ársbyrjun	–	
Tekjujöfnuður ársins		
Höfuðstóll í árslok		
Eigið fé og skuldir í árslok		

Langtímaskuldir voru engar hvorugt árið

Skammtímaskuldir

Skuld við ríkissjóð	0	0
Viðskiptaskuldir	17.353	15.541
Skuldir samtals	17.353	15.541
Eigið fé og skuldir alls	35.891	22.570